



Reykjavík, 18. febrúar 2015

Formaður verkefnahóps um læsi  
Guðfinna S. Bjarnadóttir  
Mennta- og menningarmálaráðuneytinu  
Sölvhólgötu 4  
101 Reykjavík

## **Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um fyrstu drög að aðgerðaráætlun um læsi, dagsett 4. febrúar 2015.**

Eftirfarandi er umsögn fulltrúa Kennarasambands Íslands í samráðshópi með verkefnastjórn ráðuneytis um fyrstu drög að aðgerðaáætlun um læsi. Umsögnin skiptist í inngang og umfjöllun um helstu efnisþætti aðgerðaáætlunar.

### **Inngangur**

Kennarasamband Íslands telur í heildina fyrstu drög að aðgerðaáætlun um læsi fela í sér metnaðarfull markmið og tillögur sem gefa til kynna ígrundun og vandaða vinnu.

Kí tekur heilshugar undir læsi sem undirstöðu velgengni einstaklinga allt lífið og að auka þurfi árangur í læsi fyrir alla aldurshópa.

Kí telur óraunhæft að ná markmiðum um að hækka hlutfall þeirra sem ná grunnviðmiðum (2. stigi) í lesskilningi í PISA úr 79% (2012) í 90% á svo fáum árum (2018). Markmið um að auka árangur allra nemenda í læsi er langtíma verkefni. Setja þarf skýr og raunhæf markmið og leiðir, viðmið um árangur og eftirfylgni, skilgreiningar á þeim aðilum sem bera ábyrgð á einstökum verkefnum og á samstarfsaðilum, tímaáætlanir og útlistun á kostnaði.

Efni skarast víða á milli kafla og talsvert er um endurtekningar, málalengingar og málskrúð. Endurskoða þarf efnisskipan, fella tillögur saman og einfalda framsetningu.

EKKI er alltaf skýrt hvenær átt er við lestur eða læsi en gera þarf greinarmun á þessu tvennu. Í aðgerðaáætlun þarf að setja fram skilgreiningu á læsi. Að lesa sér til skilnings er flókið fyrirbæri þar sem hver og einn byggir á lesfærni sinni, en líka ályktunarhæfni, forþekkingu, einbeitingu, þrautseigju og fleiru. Það er ekki há einkunn í lestri sem er eftirsóknarverð heldur að lesturinn sé það góður að börn og ungmenni geti tileinkað sér allt sem hugur þeirra stefnir til.

Fram kemur að aðgerðir eigi við um börn og ungmenni frá leikskóla til loka grunnskóla. Kí leggur ríka áherslu á að þær gildi um nemendur til 18 ára aldurs og að hlutverk framhaldsskóla við að vinna að auknum árangri í læsi verði skilgreint í aðgerðaáætlun.

Auk þess að efla skilning foreldra, nemenda, skóla og kennara á mikilvægi læsis þarf ekki síst að gera aðgerðir um læsi að sameignarverkefni alls samfélagsins. Stjórnvöld hafa hér afgerandi forystuhlutverki að gegna, hvetja og tala fyrir framtíðarsýn og stefnu, auknum lífsgæðum og jöfnum tækifærum allra nemenda og um mikilvægi skóla og kennara í því að menntakerfið og samfélagið nái þeim markmiðum sem stefnt er að. Stjórnvöld þurfa að senda skýr skilaboð um nauðsyn viðhorfsbreytinga til náms, skóla og kennarastarfsins.

Kennarar gegna lykilhlutverki í að styðja við og framkvæma breytingar og þarf fagauður kennarastéttarinnar að vera í forgrunni aðgerða um aukinn árangur allra nemenda. Meðal aðgerða um aukinn fagauð kennara er markviss stuðningur við starfsþróun stéttarinnar og rými til ígrundunar í starfi og til samstarfs, eftirfylgni og fjármunir til innleiðingar. Kennarar vaxa af verkum sínum og reynslu, mörg ár tekur að ná góðum tókum á starfinu og búa þarf vel að kennurum. Hvetjandi og skapandi starfsaðstæður eiga þátt í því að gera kennslu að eftirsóknarverðu starfi, auka aðsókn í kennaranám og nýliðun í stéttinni. Nú vantar 1300 leikskólakennara til starfa í leikskólum landsins og ekki innan langs tíma munu fjölmargir kennarar á öllum skólastigum láta af störfum vegna aldurs.

Kí bendir á að starfandi er fagráð um símenntun og starfsþróun kennara, skipað fulltrúum KÍ, menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og háskóla sem mennta kennara. Hlutverk þess er móta stefnu um starfsþróun kennarastéttarinnar og er unnið hörðum höndum að því. Kí telur mjög mikilvægt að þættir í aðgerðaáætlun um læsi, sem og um námstíma og starfsmenntun sem varða kennarastarfið verði tengd með beinum hætti við starf fagráðsins.

Kí áskilur sér allan rétt til frekari umsagna um aðgerðaráætlun um læsi og að fylgja umsögnum eftir. Kí undirstrikar að menntamálaráðuneytið eigi samstarf við kennarasamtökin sem stendur undir nafni.

### Umfjöllun um helstu efnisþætti tillagna

Í umsögn er fjallað um eftirfarandi efnisþætti í aðgerðaáætlun:

1. Hlutverk og ábyrgð
2. Fjármunir
3. Mat og gögn
4. Stoðkerfi
5. Nemendur
6. Foreldrar
7. Kennarar
8. Skólastjórnendur

#### 1. Hlutverk og ábyrgð

Mjög lítið er fjallað um hlutverk ráðuneytisins í aðgerðaáætlun. Kí bendir á að markmið um læsi eru í hvítbók menntamálaráðherra og stofnað var til verkefnahóps í umboði hans til að útfæra markmiðin. Aðgerðaáætlun um læsi er stefna ráðherra. Menntamálaráðherra og fagráðuneytið fer með meginábyrgð og forystu í að tala fyrir markmiðum og aðgerðum, innleiða og fylgja þeim eftir og meginábyrgð á að aðgerðum fylgi skilgreindir og tryggir fjármunir. Í aðgerðaáætlun þarf að útlista ábyrgð og forystu ráðherra og ráðuneytis. Einnig þarf að skilgreina ábyrgð sveitarfélaga.

#### 2. Fjármunir

Markmiðum og aðgerðum þurfa að fylgja skilgreindir og tryggir fjármunir til að hrinda þeim í framkvæmd svo að raunhæft sé að ætlast til þess að skólarnir nái árangri.

Í aðgerðaáætlun eru fjármunir nefndir á tveimur stöðum, að „Sprotasjóður og aðrir viðeigandi sjóðir verði með sérstaka áherslu á lestrar- og læsisverkefni til ársins 2020“ og að „Skólastjórnendur fái virkan stuðning í formi ráðgjafar og fjármagns til að efla starfsþróun á vettvangi sem m. a. getur falist í starfsþjálfun vegna breyttra starfshátta kennara í læsiskennslu og þjálfun með ráðgjöfum ...“.

Kí telur óeðlilegt að skólum verði ætlað að sækja um fjármuni í sjóði til að vinna að opinberri stefnu um læsi. Sprotasjóður hefur aldrei staðið undir nafni vegna ónógra fjárveitinga. Kí leggur áherslu á að skólum verði tryggðir fjármunir til að vinna að aðgerðum og að fjármunum verði ráðstafað beint til þeirra.

### 3. Mat og gögn

Í aðgerðaáætlun koma fram áform um gerð og upptöku margvíslegra miðlægra matsverkfæra og verkfæra fyrir skóla og kennara, til að meta árangur og fylgja eftir niðurstöðum, og miðlæga gagnasöfnun af ýmsu tagi.

Margt af þessu er gagnlegt en KÍ varar við því að mælingar og stöðlun verði aðalatriðið en ekki aukin lífsgæði og jöfn tækifæri allra nemenda.

KÍ spyr um eftirfarandi atriði:

- Er áherslan í stöðluðum viðmiðum og matstækjum á hraða og skilning eða eiga fleiri þættir að koma þar inn?
- Hvað er afburðafærni í lestri? Liggur skilgreining þar að baki eða er það normaldreifing í hverjum hópi sem ræður hverjir eru afburðafærir?
- Hvað eru námshröðunaraðferðir og námshröðunaráætlanir? Hvers vegna er stefnt að því að flestir kennarar þekki þessa nálgun í lestrarkennslu?
- Hvaða árangur er af aðferðum sem eru raunprófaðar? eru þær árangursríkari en aðferðir sem hafa ekki verið raunprófaðar? Hvernig þá? Hvernig á útbreiða þekkingu skóla og kennara á raunprófuðum aðferðum? Geta skólar og kennarar valið um aðferðir?
- Hvað felst í endurskoðun samræmdra prófa, fyrirlögn og úrvinnslu, hver er tilgangurinn?

Mjög mikilvægt er að skimanir og mat hefjist strax í leikskóla og skimanir og mat sem heilsugæslan gerir á börnum á leikskólaaldri skili sér til leikskóla. Niðurstöður skimana og mats á leikskólabörnum þurfa að fylgja þeim í grunnskólann og upplýsingar um læsisvanda nemenda í grunnskóla að skila sér til framhaldsskóla. Til lítils er að skima og meta ef ekki fylgja tryggir fjármunir til að bregðast við með markvissri kennslu og stuðningi við börn og ungmenni og foreldra þeirra. Snemmtæk íhlutun kemur ekki að gagni nema að fjármagn fylgi og að fagfólk sé fyrir hendi til að sinna henni.

Niðurstöður mats þarf fyrst og fremst að nota til að styðja við nám og kennslu og varar KÍ við því að niðurstöður verði notaðar til að meta skóla og draga í dilka. Skólar og kennarar þurfa að hafa aðgang að lýsandi og aðgengilegum gögnum til að vinna með í námi og kennslu.

KÍ bendir á að stórauka þarf stuðning við skóla og kennara til að vinna með niðurstöður innra og ytra mats í umbóta- og þróunarstarfi.

### 4. Stoðkerfi

Fram kemur að ráða eigi 10 ráðgjafa næstu fimm árin til að styðja við skóla og kennara. Óljóst er hvort ráðgjafar eru eingöngu hugsaðir fyrir grunnskóla eða hvort þeir eigi að sinna fleiri skólástigum. KÍ telur markmið um ráðgjafa vera ágæt en óraunsað er að þeir geti sinnt öllum þeim fjölda verkefna sem nefnd eru. Fjöldi leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er ríflega 500 sem gera meira en 50 skóla á hvern ráðgjafa.

KÍ telur nauðsynlegt að fastir kennsluráðgjafar séu fyrir hendi í skólum og sveitarfélögum sem starfi með „landsráðgjöfum“ því umboðið til að taka ákvarðanir og framfylgja þeim er á viðkomandi stöðum. Ekki kemur fram hver greiðir kostnað vegna ráðgjafa. KÍ telur að það eigi að vera á ábyrgð menntamálaráðuneytis.

Veigamikill þáttur stoðkerfis er greining á tal- og málsþroskaröskunum barna, meðferð og þjálfun, fjölga þarf sérfræðingum á þessu sviði í skólum og sveitarfélögum til að stytta biðlista. Öll börn sem á þurfa að halda ættu að fá meðferð og þjálfun vegna tal- og málþroskaröskunar í sínum skólum.

Mikil þörf er á að fylgja aðgerðum eftir með stóraukinni útgáfu vandaðs og fjölbreytilegs lesefnis, framboð á lesefni og aðgengi, eflingu skólabókasafna, tækni og nettenginga. Sama á við um útgáfu náms- og kennslugagna og bendir KÍ á að notkun rafræns kennsluefnis gerir kröfu um góðar nettengingar og tölvubúnað í skólum.

Hvað merkir „lesefni við hæfi“? Hver á að greina það? Hver á að meta áhuga og ástríðu drengja? Áhuga og ástríðu stúlkna? KÍ varar við staðalímyndum um kynin, að drengir hafi aðeins áhuga á fótbolta og skriðdrekum. Drengir eru ekki einsleitir hópur sem hefur áhuga á því sama eða þá stúlkur.

KÍ líst vel á áform um að hvetja fjölmiðla til þáttagerðar um læsi og skólamál. Þá er einnig mikilvægt að efla íslenska þáttagerð fyrir yngstu börnin, en eins og er þá er nánast eingöngu sýnt erlent efni í sjónvarpi sem á sér enga stoð í íslenskum raunveruleika.

Mikilvægt er að fjölmiðlar tali hvetjandi um skólastarfið og nemendur. Að undanfögnu hafa fjölmiðlar ekki dregið af sér við að útmála fjölda drengja sem ekki geti lesið sér til skilnings. Hver eru áhrif þessa á drengi?

## 5. Nemendur

KÍ telur aðgerðir til að styrkja stöðu nemenda með annað móðurmál og foreldra þeirra þurfi að vera í sérstökum forgangi í aðgerðaáætlun. Mikil þekking er fyrir hendi á því að nemendur með annað móðurmál þurfa sérstakan stuðning í námi, markvissa íslenskukennslu og viðhald móðurmáls. Foreldrar með annað móðurmál þurfa aðstoð við að veita börnum sínum þann stuðning sem þarf að vera fyrir hendi. Stuðningsnet þarf að vera fyrir börn ef foreldrar geta ekki veitt nauðsynlegan stuðning. Einnig þurfa að koma til sérstakar aðgerðir vegna stöðu nemenda með sérþarfir af ýmsu tagi og stuðningur við foreldra þeirra.

KÍ bendir á að í áætlun þarf að fjalla um vinnubrögð nemenda, námsvenjur og aðgerðir til að auka skuldbindingu í námi, og um ábyrgð foreldra á þessum þáttum í námi barna sinna.

Einnig þarf að gera grein fyrir hvert hlutverk einstakra skólastiga er í læsisaðgerðum, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, almennt og sértækt vegna nemenda með annað móðurmál og nemenda með sérþarfir, áherslur, markmið og viðmið um árangur við lok leikskóla, grunnskóla og við 18 ára aldur í framhaldsskóla.

KÍ undirstrikar að fjölgun leikskólakennara er lykilatriði fyrir árangur í leikskólum. Í aðgerðaáætlun þarf að fjalla um hvernig eigi að fjölga leikskólakennurum. Til að hægt sé að vinna að því að efla læsi barna og ungmenna þurfa að vera fyrir hendi hæfir kennarar. Hvernig ætlar menntamálaráðuneytið að vinna að fjölgun leikskólakennara sem er ein af grunnforsendum þess að bæta læsi og ná markmiðum um læsi? Samkvæmt lögum 87/2008 eiga að lágmarki 2/3 hlutar þeirra er sinna uppeldi og menntun í leikskólum að hafa leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi. Í dag vantar um 1300 leikskólakennara til að uppfylla lágmark laganna.

## 6. Foreldrar

KÍ telur atriði í aðgerðaáætlun um að efla ábyrgð foreldra á námi barna sinna, samstarf foreldra og skóla um nám barna og foreldrafræðslu vera mjög mikilvæg.

Markmið í samstarfi við foreldra þurfa að vera einföld og skýr, og má skipta þeim í tvo flokka.

Í fyrsta lagi væntingar skólans til foreldra í námi barna þeirra, ábyrgð foreldra á börnum sínum og náminu, vinnubrögð, námsástundun og skuldbindingu í námi, upplýsingar um námsgengi og viðmið um þau, skólareglur og hegðun og fleira. Inn í þetta fléttast gagnsemi þess að hafa að einhverju leyti staðlað mat þannig að foreldrar geti áttað sig á hvað er verið að mæla og hvernig. Skólar nota mismunandi

aðferðir við að meta nám nemenda og viðmið. Mikilvægt er að foreldrar geti sett sig vel inn í aðferðir skólans. Margar góðar fyrirmyndir um foreldrasamstarf eru í skólunum og mögulega gæti innleiðing skimunarprófa orðið til að ýta undir foreldrasamstarf.

Kí spyr hver það er sem tryggir að hlutverk og ábyrgð séu foreldrum ljós? Hvernig?

Í öðru lagi fræðsla af ýmsu tagi svo sem um náms- og hegðunarvanda og fleira.

Hugsa þarf fyrir því hvaða fræðsla geti almennt séð verið á vegum skóla og hvaða fræðsla þurfi að vera miðlæg vegna sérfræðiþekkingar. Hver sér t.d. um fræðslu fyrir foreldra þegar vart verður við lestrarörðugleika?

Einnig þarf að hugsa fyrir aðstoð og ráðgjöf við skóla við að skipuleggja fræðslu fyrir foreldra og að útbúa fræðslu og námskeið.

## 7. Kennarar

Verkefnahópurinn þarf að ígrunda vel aðferðir við að ná eyrum kennara með þann boðskap sem er í áætlunum um starfshætti í skólum.

Ráðleggingar KÍ eru þessar: Forsenda þess að ná til kennara er að þeir sjái sig og starfið með nemendum í áætlunum. Kennarar þurfa að sjá tilgang með þeim í kennslunni og hafa trú á þeim.

Hlusta þarf á hugmyndir kennara og væntingar, tala við þá (ekki um þá) sem sérfræðinga en ekki sem nemendur á skólabekk. Leggja þarf rækt við að kennarar upplifi að þeir „eigi“ hugmyndirnar og vinna að útfærslu aðgerða neðan frá. Samstarf er lykillinn að gæðamenntun en ekki tilskipanir að ofan.

Menntamálaráðherra þarf að ganga opinberlega fram fyrir skjöldu og tala skýrt um gildi kennarastarfsins fyrir samfélagið til að skapa væntingar og tiltrú kennara. Þessu þarf að fylgja markvisst eftir og styrkja fagauð stéttarinnar með starfsþróun og tíma fyrir ígrundun í starfi og til samstarfs, eftirfylgni og fjármuni til innleiðingar. Skapa þarf kennurum aðstæður í starfi til að vinna að markmiðum aðgerða. Í skólum þarf að vera fyrir hendi skipulagður stuðningur við nýútskrifaða kennara og ráðgjöf og leiðsögn fyrir alla kennara.

Í áætlunum er gert ráð fyrir markvissum stuðningi við kerfisbundið samstarf milli skólastiga, kennara innan skóla, milli skóla á svæðum í þeim tilgangi að miðla þekkingu og til skólabróunar. Hver ber ábyrgð á að koma þessu samstarfi á og hvernig? Hvaða stuðningur er við samstarfið? Hvað merkir kerfisbundið samstarf? Hver ber kostnað af samstarfinu?

KÍ telur að háskólar sem mennta kennara þurfi að tengja starf sitt betur við vettvanginn í skólunum, miðla rannsóknnum og aðferðum og sinna starfsþróun kennara á öllum skólastigum. Starfsþróun kennara þarf bæði að taka mið af þörfum skóla og einstaklinga, faglegrri þróun og nýjungum, og kennarastéttin að vera þátttakandi í skipulagi eigin starfsþróunar.

KÍ telur breytingar á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla ekki vera réttu nálgunina að því að auka árangur í læsi. Nemendur nýta best lestrargetu og þjálfu færni í læsi í samhengi við raunveruleg viðfangsefni.

Undirbúningur fyrir kennarastarfið þarf að fela í sér trausta grunnmenntun, þekkingu í faggreinum/fagsviðum, kennarafræðum, námskrám og starfsþjálfun á vettvangi. Þegar reynslan af markmiðssetningu kennaramenntunarlaganna er metin er niðurstaðan meðal annars sú að starfsþjálfun kennaraefna á vettvangi vegur of lítið í kennaranáminu. KÍ telur að bregðast þurfi við þessu með því að auka vægi vettvangsnáms í heildarnámstíma og einingafjölda kennaramenntunar og lögfesta það.

KÍ telur að kennaramenntun þurfi að innihalda breytt svið: grunnmenntun, vettvangsnám, starfsaðlögun, leiðsögn og ráðgjöf í starfi, starfsþróun og ígrundun í starfi. Þessir þættir þurfa að mynda til samans stefnu um menntun og þjálfun kennarastéttarinnar og skipulag menntunar hennar. Kennaramenntunin þarf að ná utan um allan starfsferil kennara.

#### 8. Skólastjórnendur

Áætlanir ganga út á að skólastjórnendur veiti í meira mæli faglega leiðsögn í skólastarfinu. Til að svo geti orðið þarf að létta verkefnum af skólastjórnendum og fjölga stöðugildum í stjórnun í skólunum til að skapa þeim aðstæður til að sinna þessu. Einnig þarf að koma til markviss stuðningur við starfsþróun skólastjórnenda, bæta möguleika og aðgengi að starfsþróun og starfsþjálfun til að gera þeim kleift að sinna faglegri leiðsögn í skólastarfinu.


Alþjóðleg rannsókn á vegum OECD á viðhorfum kennara og skólastjórnenda til starfsaðstæðna sinna og starfshátta sem er nefnd í daglegu tali TALIS<sup>1</sup> hefur tvívegis verið lögð fyrir hér á landi, árið 2008 og 2013 fyrir skólastjórnendur í grunnskólum og kennara á unglingsstigi og í seinna skiptið bættust kennarar og skólastjórnendur í framhaldsskólum við í hópinn.

Niðurstöður sýna meðal annars að mestur tími skólastjórnenda fer í verkefni og fundi sem lúta að stjórnun og forystu og mjög lítið til faglegrar leiðsagnar í skólastarfinu og að vinnutími skólastjórnenda er hindrun í vegi fyrir starfsþróun þeirra. Einnig kemur fram að endurgjöf til kennara er verulega minni hér á landi en í hinum þátttökulöndunum.

Í TALIS er að finna ýmsar tillögur um meiri stuðning við skólastjórnendur til að gera þeim betur kleift að sinna faglegri leiðsögn í skólastarfinu. Fram kemur að undirbúa þurfi skólastjórnendur betur til að takast á hendur að stýra skóla. Auka þurfi möguleika þeirra til starfsþróunar og bæta aðgengi að starfsþróun. Einnig þurfi að tryggja skólastjórnendum starfsþjálfun og skapa þeim aðstæður til að sinna faglegri leiðsögn í skólastarfinu.

Virðingarfyllt

F.h. Kennarasambands Íslands

  
Aðalheiður Steingrimsdóttir fulltrúi KÍ í samráðshópi

---

<sup>1</sup> Teaching and Learning International Survey. Á heimasíðu Námsmatsstofnunar eru íslenskar skýrslur um niðurstöðurnar fyrir grunnskóla og fyrir bæði skólastig í heildarskýrslum á vef OECD.  
<http://www.oecd.org/edu/school/talis-2013-results.htm>